

**Nd.**

**331. Tillaga**

til þingsályktunar um slysatryggingar.

Flm.: Stefán Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um slysatryggingar, einkum að því er snertir slysatryggingu verkamanna við verksmiðjuvinnu, útskipun og uppskipun.

**Greinargerð.**

Það virðist bera mikla nauðsyn til þess, að sem fyrst fái lagaákvæði, er tryggi þeim mönnum, sem verða fyrir stórum meiðslum eða örkumla vegna slysa, að nokkru eða öllu leyti lífsframsæri. Er furða hvað lengi hefir verið gengið fram hjá því að afla mönnum slíkra trygginga. Einkum er vöntun á lagafyrirmælum í þessu efni tilfinnanleg að því er kemur til ýmiskonar verksmiðju- og skipavinnu, sem svo þrúfallega hefir slys í för með sjer, er verða valdandi þess, að menn verða um lengri eða skemri tíma, jafnvel alla æfi upp frá því, vanmegnugir þess að ala önn fyrir sjer eða sínum.